
  
**13. MAR. 2020**
  
*Byggingarfulltrúinn / Húsnáðsgráfrói*
  
*Jón Dan Ásgeirsson*

**Byggingarlýsing**

Sótt er um leyfi fyrir 348,8m<sup>2</sup> einbýlishúsi á tveimur hæðum á lóðinni Skógarás 1. Staðgreinir 400-1-76100010 og landnúmer L207289

Útveggir hússins eru ýmist staðsteyptir með svartri sjónsteypu og einangraðir með 100mm plasteinangrun eða glerjaðir. Botn-, gólf- og þakplata eru staðsteypt. Innandyra og á veröndum er gólf frágengið með terrazzo steinsteypu. Þak er einangrað með 220mm steinullareinangrun, klætt með ásoðnum þakpappa og fergjað með mól. Botnplata er einangruð að neðanverðu með 100mm plasteinangrun, milligólf er einangrað að ofanverðu með 100mm harðpressaðri einangrun.

Innveggir eru ýmist sjónsteyptir eða byggðir upp með 70mm veggjagrind og klæddir panel. Votrymisveggir eru sjónsteyptir eða klæddir með tvöföldu lagi af 12mm rakapólum spónarplötum. Allar innanhús klæðningar eru í amk. flokki 2.

Milli efri og neðri hæðar er skábraut með hallanum 1:6. Handrið skábrautarinnar er 1,1m og staðsteypt.

Hitakerfi hússins er blanda af hefðbundnu gólfhitakerfi og miðlægu loftræstikerfi með varmaendurnýtingu.

Rými hússins eru með vélrænni og/eða náttúrulegri loftræstingu.

Neysluvatnslagnir eru rör í rör plastlagnir. Kaldavatnslagnir eru lagðar undir plasteinangrun í botnplötu, en heitavatnslagnir eru steptar í botnplötu.

Allir gluggar eru úr áli. Opnanleg fög og hurðar eru með opunarstillingum til úloftunar. Öryggisgler er í gólfsíðum gluggum og rennihurðum.

Reykskynjarar eru í herbergjum, anddyri, þvottahúsi og alrými. Slökkvitæki er í anddyri og eldvarnarteppi í eldhúsi.

Frágangur eldstæðis og reykháfs skal vera í samræmi við 9.6.5 gr. og 9.6.6. gr. brg.

Húsið er ekki hannað skv. algildri hönnun.

Frágangur á lóðamörkum verður í fullu samráði við nágretta þar sem það á við.

Gengið verður með þeim hætti frá lóð að ekki stafi fallhætta af henni. Nánari frágangur er í samráði við arkitekta og/eða landslagsarkitekta.

Þrjú bílastæði eru á lóð

Frávik:  
 - Skv. grenndarkynntum uppdráttum er hæð hússins 60cm hærrí en byggingarreitir gildandi dsk. segir til um.  
 - Bílastæðum við götu hefur verið hniakað til suðurs en eru skv. gildandi lóðablaði við norðaustur horn lóðarinnar.  
 - Reykháfur stingst 440mm og 770mm upp úr byggingarreit.


Niðurstaða varmatapsútreikninga eru eftirfarandi:  
 Útveggir U=0,34 W/m<sup>2</sup>K (Ti>=18°C)  
 Gluggar: U=1,4 W/m<sup>2</sup>K (Ti>=18°C)  
 Hurð: U=1,4 W/m<sup>2</sup>K (Ti>=18°C)  
 Þakvirki: U=0,17 W/m<sup>2</sup>K (Ti>=18°C)  
 Þakvirki inngarður: U=0,04 W/m<sup>2</sup>K (Ti>=18°C)  
 Gólf yfirskot: U=0,04 W/m<sup>2</sup>K (Ti>=18°C)  
 Gólf: U=0,17 W/m<sup>2</sup>K (Ti>=18°C)

Heildarvarmatap á fermetra húss er 1,49 W/m<sup>2</sup>C

Birt flatarmál og brúttó rúmmál hússins eru eftirfarandi:  
 1.hæð: 173,4m<sup>2</sup> og 517,2m<sup>3</sup>  
 2.hæð: 175,4 m<sup>2</sup> og 677,6 m<sup>3</sup>  
 Samtals: 348,8m<sup>2</sup> og 1.194,8 m<sup>3</sup>

Stærð lóðar: 781,8 m<sup>2</sup>  
 Nýtingarhlutfall lóðar: 0,446

Hámarksnýtingarhlutfall skv. dsk: 0,45  
 Hámark byggingarmagn skv. dsk: 351,1m<sup>2</sup>



Afstöðumynd  
 mkv. 1:500

**Skýringar**

P Bílastæði  
 L Landhæð við lóðamörk  
 G Hæð lóðamarka við götu

**Fyrirvari**

Kólar eru í metrum (m). Mál eru í millimetrum (mm). Mælió ekki af teikningum.  
 Teikning skal lesin með viðeigandi gögnnum, veiklýsingum og teikningum annarra hönnuða.  
 Öll mál skal athuga á staðnum áður en smíði hefst. Misræmi í teikningum og vafaatriði skal tilkynna arkitektum strax.

A	Hús hækkað, skyggni yfir verönd lengt, tækni teygt u. ramp ásamt minniháttar	9.2.20	AA	JDÁ
Útgáfa	Breyting	Dags.	Teiknað	Yfirfarið

**Skógarás 1**

Stgr. 1400-1-76100010 | Landeignanr. L207289


<b>Einbýlishús</b>	<b>102</b>
Tegund verks	Verknr.

<b>Aðaluppdrættir</b>	<b>1:500</b>
Afstöðumynd	Mkv.

<b>A-100</b>	<b>A</b>	<b>1/7</b>	<b>A2</b>
Raðnúmer	Útgáfa	Blað	Stærð

<b>AGLA</b>	<b>JDA</b>	<b>09.02.20</b>
Teiknað	Yfirfarið	Útgáfa dags.

**TRÍPÓLÍ ARKITEKTAR**

Klappargíg 16 | 101 Reykjavík | s: 512-2930 | www.tripoli.is | tripoli@tripoli.is  
  
 Andri G. Andrésson | Arkitekt ETH FAI | kt: 240182-3949 | andri@tripoli.is  
 Guðni Valberg | Arkitekt FAI | kt: 250880-5299 | gudni@tripoli.is  
 Jón Davíð Ásgeirsson | Arkitekt FAI | kt: 250280-5729 | jon@tripoli.is

©Tripólí Arkitektar  
 Öll alnot og afritun teikningar að hluta eða í heild er háð skriflegu leyfi höfundar.